

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengninni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík fallist á að bílastæði við götukanta Ránargötu, Bárugötu og Öldugötu milli Ægisgötu og Garðastrætis verði gjaldskyld.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. ágúst 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Súðavík.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Takmörk á sjó eru:

Takmörk hafnarinnar er bein lína, sem hugsast dregin úr Þormóðarnesi yfir Álftafjörð í Rauðanef á Kamsnesi, bein lína úr Þórðarsteinum yfir Álftafjörð í Hamar á Sjötúnahlíð og ströndin innan þeirrar línu.

Takmörk á landi eru:

Svæði hafnarinnar sem nær frá Njarðarbraut, að utanverðu og inn með frystihúsinu og upp að Aðalgötu innan frystihússins. Einnig tilheyrir hafnaraðstöðunni, tvær trébyggjur og aðstaða þeirra sem nær frá Aðalgötu við Tröð fram rampinn og út á suðurgarðinn.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

Norðurgarð þar sem hafnaraðstaða er fyrir stærri skip, miðgarð sem er trébyggja neðan frystihúss og suðurgarð þar sem tvær trébyggjur eru, ásamt afgreiðslusvæðum, götum og iðnaðarsvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Súðavíkurreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa þrír fulltrúar og þrír til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Súðavíkurrepps kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.